

## LÖG

### um breytingu á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

E-liður 2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: að starfrækja rannsóknastofu sem hafi eftirlit með framkvæmd tæknirannsókna lögreglu, þar með rekstri miðlægra gagnagrunna lögreglu á sviði tæknirannsókna, annist erlend samskipti vegna tæknirannsókna og samstarf, haldi skrá um horfið fólk og hafi umsjón með störfum kennslanefndar og útgáfu leiðbeininga og verk-lagsreglna um tæknirannsóknir sem ríkislögreglustjóri setur.

2. gr.

4. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal starfrækt tæknideild sem sinni vettvangs-rannsóknum, samanburðarrannsóknum og öðrum slíkum rannsóknum og varðveiti fingrafara-safn lögreglu og ljósmyndasafn og haldi því við. Tæknideildin skal þjóna öllum lögreglu-umdæmum landsins og setur ríkislögreglustjóri nánari reglur um starfrækslu hennar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 1. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Björn Bjarnason.*